

Vestmannaeyjabær  
Dagný Hauksdóttir  
Tangagötu 1  
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 16. september 2021  
UST202108-288/A.B.  
10.04.01

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýtt deiliskipulag – Fiskeldi í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum**

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyjar 2015 – 2035 og á nýju deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að heimilt er að skilgreina fiskeldi fyrir allt að 10.000 tonnum af laxfiski í Viðlagafjöru, en svæðið er í dag skilgreint í aðalskipulagi sem efnistökusvæði.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 13. ágúst sl. varðandi tillögu að matsáætlun verkefnisins.

Umhverfisstofnun bendir á að þeir þættir framleiðslunnar sem geta valdið töluverðu álagi á umhverfið eru vatnstaka, úrgangur og fráveita og því mikilvægt að fjallað sé um ítarlega með ofangreinda þætti í tillögunni. Að auki telur stofnunin mikilvægt að fjallað sé um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og áhrif á útivistargildi þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá.

### **Starfsleyfi**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. viðauka II í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun minnir á að starfsleyfi er gefið út fyrir hámarkslífmassa í stöðinni á hverjum tíma en losunin er metin út frá ársframleiðslu.

### **Umfang**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að umhverfismat verkefnisins miðist við 10.000 tonna framleiðslu á ári.

### **Úrgangur**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um meðhöndlun úrgangs í tillögunni, t.a.m. hvað gert verði við dauðfisk, en að mati stofnunarinnar er mikilvægt að allur úrgangur sé endurnýttur eins og kostur er. Umhverfisstofnun hefur gefið út

leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna (seyru) úr frárennsli, m.a. til áburðar.<sup>1</sup> Stofnunin vill einnig vekja athygli á að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, sem kom út í júní sl.<sup>2</sup> Það sem bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs er aðgerð nr. 16.

## Grunnvatn

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verði staðfest 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hugsanlegt er að jarðsjótaka geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu, en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur á grunnvatnshlot. Stofnunin minnir á að sjótaka er leyfis skyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunar skv. 6. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort jarðsjótaka hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

<sup>1</sup> [http://www.umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%C3%B0beiningaskjal\\_fraveitu\\_og\\_fastefnismedhondlun\\_2020.pdf](http://www.umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%C3%B0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf)

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Stefna%20um%20me%C3%B0h%C3%B6ndlun%20%C3%BArgangs%202021-2032%20090621.pdf>

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um fráveitumál í tillögunni, þá bæði frá starfsmannaáðstöðunni og frá fiskeldinu.

### Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdarsvæðið er innan svæðis sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða og fugla. Að auki er það innan svæðis nr. 723 á náttúruminjaskrá sem kallast *Helgafell og Eldfell* en um það segir: „*Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi svæðisins, m.a. fuglalíf og útivistargildi. Í greinargerð kemur fram að lítið fuglalíf sé á svæðinu en stofnunin bendir á að þekkt er að lundapysjur og aðrir fuglsungar í Vestmannaeyjum eiga það til að fljúga í átt að ljósum og því er mikilvægt að áhrif tillögunnar á fuglalíf séu metin og lagðar fram mótvægisáðgerðir, ef þarf.

### Sérstök vernd

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að þrátt fyrir að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé raskað er svæðið umlukið hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stofnunin telur mikilvægt að það sé haft í huga við allar framkvæmdir sem tengjast eldinu, m.a. við vegaf framkvæmdir.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur